

L Ö G

**um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botn-
vörpu og flotvörpu, sbr. lög nr. 21/1969, lög nr. 50/1971, lög nr. 89/1971
og lög nr. 101/1972.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „til 1. júlí 1973“ í 11. gr. laganna (sbr. lög nr. 21/1969, lög nr. 89/1971 og lög nr. 101/1972) komi: til ársloka 1973.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 21. desember 1973.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Lúðvík Jósepsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 14 15. mars 1965, um launaskatt.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Leggja skal á launagreiðendur almennan launaskatt, að fjárhæð 1% af greidd-
um vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum öðrum en tekjum sjómanna á ís-
lenskum fiskiskipum, þar með töldum tekjum hlutaráðinna landmanna, sem aflað
er í tengslum við úthald skipanna til fiskveiða, og tekjum af landbúnaði, svo sem
ákveðið er í lögum þessum.

Skattur þessi rennur til Byggingarsjóðs ríkisins sem stofnfjárframlag.

2. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Byggingarsjóður ríkisins greiðir 1% af innheimtum launaskatti, samkvæmt lög-
um þessum, til ríkissjóðs vegna kostnaðar af framkvæmd laganna.

3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða:

Frá 1. janúar 1974 og til loka þess árs skal fjárhæð almenns launaskatts sam-
kvæmt 1. gr. nema 2½% og 1½% renna í ríkissjóð.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

4. gr.

Gjört í Reykjavík, 21. desember 1973.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

Nr. 102.

27. desember 1973.

L Ö G

um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í reglugerð nr. 189/14. júlí 1972, skulu erlendum skipum bannaðar allar veiðar samkvæmt ákvæðum laga nr. 33/19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.

Íslenskum skipum eru bannaðar veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, nema þar sem sérstakar heimildir eru veittar til slíkra veiða í lögum þessum.

2. gr.

Íslenskum skipum er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu innan fiskveiðilandhelginnar á þeim veiðisvæðum og veiðitímum, sem nú verða greind, enda undanþiggi ráðherra ekki tiltekin svæði slíkum veiðum með reglugerð. Þegar rætt er um grunnlínupunkta, er miðað við grunnlínupunkta samkvæmt reglugerð nr. 189/1972, sé annars ekki getið.

Þar sem í lögum þessum er rætt um skip 350 rúmlestir og minni, eru undanskildir skuttogarar með aflvél 1000 bremsuhestöfl eða stærri.

A. Norðurland.

A. 1. Frá línu réttvísandi norður frá Horni (grunnlínupunktur 1), að línu réttvísandi norðaustur af Langanesi (grunnlínupunktur 6), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið, sbr. þó 3. gr. reglugerðar nr. 189/1972, utan línu, sem dregin er 12 sjómílar utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972, nema á Húnaflóa utan við grunnlínu, sem dregin er frá Horni (grunnlínupunktur 1), að Selskeri (66°07,5' n.br. 21°31,2' v.lg.), og þaðan í Ásbúðarrif (grunnlínupunktur 2).

A. 2. Skipum, 350 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða allt árið, sbr. þó 3. gr. rgl. nr. 189/1972, með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 9 sjómílar utan við grunnlínu, sem nefndar eru í A. 1., og takmarkast svæði þetta að vestan og austan svo sem í A. 1. greinir.

A. 3. Heimilt er að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 9 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Grímseyjar.